



Blásarakvintett úr Sinfóníuhljómsveit Íslands, ásamt Jörger Hansen, sendikennara við Myndlista- og Handíðaskólann í Reykjavík, Steinunn Finnbogadóttir, en hún var heiðursgestur hátíðarinnar, Elísabetu Gunnarsdóttur, kennara og listgagnrýnanda Vísis og Eyborgu.

Listviðburður landsbyggðar


Dagana 24—25 marz, var efnt til listkynningar á Blönduósi fyrir forgöngu austur-húnvezkra kvenna.

Aðsókn var sérstaklega mikil og hefur verið gizkað á að um eitt þúsund manns hafi komið á þessa sýningu.

Verk voru eftir um 30 listamenn og fjöldi þeirra rúmlega 70 talsins. Auk þessara fallegu og fjölbreyttu sýningar var hátíðasamkoma, þar söng Karla-kór Bólstaðahlíðarhrepps m. a. og einnig Vökumenn.

Þá kom fram blásarakvintett úr Sinfóníuhljómsveit Íslands skipaður hinum færustu hlóm-listarmönnum, að leik þeirra lóknum ávarpaði Steinunn Finnbogadóttir, samkomuna. Hátíðina setti formaður, Sambands austur-húnvezkra kvenna.

Málflutningur hennar undirstrikaði þann myndar- og menn-



Höggmynd eftir Guðmund Benediktsson.

ingarbrag, er ríkir þar heima í héraði.

Kunnátta og vandvirkni, listakonunnar Eyborgar Guðmundsdóttur, leyndi sér ekki, en hún sá að öllu leyti um listsýninguna, sýningarskrá og veggspjöld.

Fólk tók þessari sýningu framúrskarandi vel, enda var óskað eftir henni til Sauðárkróks, Húsavíkur og Selfoss, hún hefur þegar verið á Sauðárkróki, þar var einnig mjög mikill áhugi fyrir sýningunni, en næst verður hún á Árvöku Selfoss dagana 19.—23. þ.m., en því næst á Húsavík.

Þessir aðilar munu einnig flétta öðrum þáttum lista utan um sjálfa listsýninguna.

Það ber að fagna þessu framtaki kvennasamtakanna, sem styrkt var af Menntamálaráði og menningarsjóði félagsheimila.

Blaðið mun síðar segja nánar frá þessum mikla listviðburði landsbyggðarinnar.

Guðmundur Bergsson:

Höldum markaðri stefnu í landhelgismálinu

Þrátt fyrir það að ég geti fallist á það, að vert sé að ræða hvort við eigum að senda mann til Haag, þá er ég ekki sammála þeim sem það vilja. Það er rétt að ef hægt væri að teygja tímann þar til hafréttarráðstefnan hefði lokið störfum, væri það ávinningur, ef samstaða næðist. Hvað getum við lengi teygst málið á langinn? Varla í mörg ár. Þrátt fyrir að við gerum ráð fyrir að ráðstefnan verði haldin á árinu 1974, sem ekki er alveg víst. Enn þá eru litlar líkur fyrir því að henni ljúki fyrr en árið 1975 eða 1976.

Yrði dómur felldur í Haag áður en endanleg niðurstaða hafréttarráðstefnunnar lægi fyrir, hefðum við þá ekki eytt peningum til einskis og haft það eitt upp með því að senda mann til að viðurkenna rétt Haagdómstólsins. En okkar rök hafa verið þau, að hann hefði ekki lögsögu í málinu og þess vegna höfum við ekki sent mann til Haag. Lögróðir menn halda því fram, að dómstólnum beri skylda til að kynna sér öll hugsanleg gögn beggja aðila, hvort sem við send-

um mann eða ekki og gagnasöfnun geti jafnvel tekið enn lengri tíma, ef við sendum ekki mann. Og að varlega verði að treysta því að dómstóllinn veiti okkur alla fresti gegn mótmælum hins aðilans. Ósannað sé að það að senda mann til Haag leiði til lengri frests á dómsuppkvaðningunni, en hitt að senda ekki málflytjanda.

Lögróðir menn hafa einnig bent á, að enginn dómstóll geti dæmt nokkurt ríki til að standa við nauðungarsamninga og þess vegna eigi að leggja áherzlu á að samningurinn frá 1961 milli Breta og Vestur-Þjóðverja við Íslendinga sé nauðungarsamningur. Þorskastríðið, sem hófst 1958, hafði staðið til 1961 og var samningurinn gerður vegna yfirgangs Breta. Ensks herskip höfðu með yfirgangi innan íslenskrar landhelgi komið í veg fyrir að íslensk varðskip gætu haldið uppi lögum og rétti.

SÓKN BEZTA VÖRNIN.

Er ekki í þessu máli sem fleirum, að sókn er bezta vörnin og hana höfum við þegar hafið innan Sameinuðu þjóðanna þar sem hinir mörgu smáu verða að einum stórum með því að sameinast. Þar standa með okkur ríki og Suður-Ameríku, sem berjast fyrir því sama og við. Háværar raddir innan Bandaríkja Norður-Ameríku heyrast nú um stækkun fiskveiðilandhelgi og ástæðan er einfaldlega ofveiði. Það gæti breytt málinu mikið okkur í hag. Ekki má gleyma stuðningi frá Asíu en þar standa Kínverjar með okkur.

Höldum okkur við áður mótaða stefnu í landhelgismálinu og stöndum saman allir sem einn, en kljúfum ekki þjóðina í tvær andstaðar fylkingar í þessu stórmáli.

G. B.

Þjóðmál

Miðvikudagur 11. apríl 1973.

Faxi skrifar:

Við þurfum nýja stefnu í áfengismálum

Drykkjuhættir okkar Íslendinga hljóta að verða forvitnilegt viðfangsefni fræðimanna á komandi árum. Og þó að félagsfræðilegar rannsóknir hafi ekki fengið sérlega góðan byr hjá landsmönnum í fyrstu lotu, er ekki ósennilegt að þetta lagist svona þegar fram í sækir. Þannig hefur það verið hjá öðrum þjóðum. En svo við snúum okkur aftur að drykkjuskapnum, þá er það í sjálfu sér mikið alvörumál, ef satt er, að við eigum sjálfir mesta sök á þeim drykkjuvenjum, sem þróast hafa hér á landi.

Þeim, sem áhuga hafa á því að kynna sér þetta mál er m. a. bent á danshús og aðra skemmtistaði borgarinnar um helgar, og síðan ef heppnin er með, „partí“ úti í bæ að dansleik loknum.

Að fenginni þessari reynslu er ástæða til að líta einnig á aðrar hliðar málsins. Í fyrsta lagi hefur það verið ríkjandi stefna hér á landi að bezta leiðin til að koma í veg fyrir drykkjuskap sé, að hindra fólk í því að geta aflað sér áfengis. Stjórnarvöld landsins hafa síðan gengið á lagið og tekið fegins hendi við þessari dýrmætu réttlætingu á aukinni skattlagningu á áfengi.

Andstaðan gegn áfengum

þjór á einnig rætur sínar að rekja til þeirrar útbreiddu skoðunar, að bezta leiðin til þess að draga úr áfengisneyzlu sé að takmarka eða banna sölu.

En nú skyldu menn ætla að drykkjuskapur á Íslandi hafi nú tekið á sig menningarlegri blæ, eftir uppsprengt áfengisverð, pakkhúsafgreiðslu á áfengi og algert bann á áfengum þjór, en því er nú ekki fyrir að fara. Ýmislegt bendir einmitt til þess, að þessi ríkjandi stefna hafi beinlínis stuðlað að þeirri áheilla þróun, sem orðið hefur í drykkjuháttum þjóðarinnar. Hvað sem öðru líður er það bláköld staðreynd að drykkjuhættir okkar Íslendinga eru okkur til skammar. Áfengisneysla er þegar orðin fastur liður í mataræði, skemmtanaliði og lífnaðarháttum mikils fjölda þjóðarinnar. Frá uppeldislegu sjónarmiði er alveg út í bláinn að loka augunum fyrir þessari staðreynd. Það væri því ekki úr vegi að alþingismenn færu nú loksins að taka þetta mál föstum tökum og hætta að láta óraunsæjar skoðanir blinda sér sýn. Áfengislögin, þurfa að sjálf-sögðu endurskoðunar við, en það sem mest á riður er ný stefna í áfengismálum. Óskhyggjan gagnar lítið þegar staðreyndirnar segja annað.

Verkalýðsmálafundur

Áhugamenn innan SVF um verkalýðsmál efndu til umræðufundar um þau efni í Tjarnarbúð fimmtudaginn 5. apríl s.l. Þeir Þjörn Jónsson forseti ASÍ, Pétur Sigurðsson, varaform. Sjómannafélags Reykjavíkur og Rúnar Bachman, formaður Iðn-

nemasambands Íslands, voru gestir fundarins, en umræðum stýrði Ólafur Hannibalsson. Spunnust þarna fjórlegar og skemmtilegar umræður um fjölmarga þætti verkalýðsmála og ýmislegt það, sem nú er efst á baugi í þeim efnum.

SKEMMTIKVÖLD

Félagar SFV munið að skemmtikvöld verður haldið í Krystalsal Loftleiðahótelisins mánudaginn 30. apríl n.k., hefst kl. 21.00. — Fjölbreytt skemmtiatriði.

NEFNDIN.